

Fornleifaskráning í Helli, Ölfushreppi



Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS248-04121
Reykjavík 2004



Forsíðumynd er af Stórahelli (ÁR-489:007) sem bærinn dregur nafn sitt af

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um fornleifaskráningu	5
3. Landshættir og saga	8
4. Fornleifaskrá	10
5. Minjar í hættu vegna nýs deiliskipulags í Helli	27
Heimildaskrá	30

Viðauki

Kort 1: Deiliskipulagsuppdráttur fyrir Helli

Kort 2: Minjar innan alls deiliskipulagsreitsins

Kort 3: Minjar innan túns Hellis

1. Inngangur

Í maílok 2004 hafði Grétar Zóphaníasson, fulltrúi í skipulags- og umhverfiseild í sveitarfélaginu Árborg, samband við Fornleifastofnun Íslands. Hann fór þess á leit að stofnunin skráði fornleifar innan deiliskipulagsreits þar sem áætlað er útivistarsvæði og skógrækt í landi Hellis í Ölfushreppi. Skráningin var unnin fyrri hluta júnímánaðar.

Fornleifastofnun hafði áður unnið heimildakönnun (svæðisskráningu) fyrir allan Ölfushrepp og kom út skýrsla um þá svæðisskráningu 1999.¹ Heimildakönnun leiddi í ljós 19 þekktu minjastaði í landi Hellis. Eftir vettvangsrannsókn og viðtal við heimildamann fjölgaði minjastöðum nokkuð, eða upp í 33 staði. Af þeim reyndust 25 innan skipulagsreits eða í jaðri hans.

Efnisskipan í þessari skýrslu er svipuð og í öðrum skýrslum um skráningu fornleifa.² Á eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu sem m.a. gefur yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (2. kafli). Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknum á skráningarsvæðinu og sögu jarðarinnar (3. kafli). Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru í júní 2004 (4. kafli). Í 5. og síðasta kafla er rætt um minjar sem eru í hættu í Helli og settar fram tillögur um aðgerðir til að vernda fornleifar á svæðinu. Aftast í skýrslunni er að finna þrjú kort sem öll eru fengin frá Árborg. Fremst er að finna deiliskipulagsuppdrátt þar sem sjá má fyrirhugaðar framkvæmdir innan skipulagsins. Næst er kort (litaloftmynd) sem sýnir minjadreifingu innan alls deiliskipulagsreitsins og að lokum er myndkort þar sem heimatún Hellis, þar sem minjadreifing er þéttust, er sýnd í smærri skala.

Fornleifaskráning í Helli var gerð af Birnu Lárusdóttur og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og er sú síðarnefnda höfundur skýrslu þessarar. Verkið var unnið undir stjórn Adolfs Friðrikssonar. Heimildamanni, Sigtryggi Einarssyni, eru einnig færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina.

¹ Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999.

² Sbr. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003.

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á

skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær

framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.“

Það eru því hagsmunir framkvæmdaaðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

3. Landshættir og saga³

Áður en Fornleifastofnun Íslands vann svæðisskráningu fyrir Helli, árið 1999, höfðu tvær fornleifakannanir verið gerðar á jörðinni. Þá fyrri gerði Brynjúlfur Jónsson frá Minna Núpi, sem árið 1896 skoðaði tóftir eyðibýlisins Fjalls og skrifaði um þær stutta skýrslu.⁴ Niðurstöður síðari rannsóknarinnar hafa hins vegar aldrei birst á prenti. Hana gerði Matthías Þórðarson, sem var þjóðminjavörður 1907-1948. Í kjölfarið friðlýsti hann, árið 1927, eyðibýlið Fjall og Stóra-Helli í landi Hellis.⁵

Litlar fornleifarannsóknir hafa almennt verið gerðar í Ölfusi en þótt ekki sé vitað um fornleifar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar á svæðinu má leiða líkur að því að svæðið sé meðal þeirra sveita sem fyrst hafi byggst á Íslandi. Ástæður eru m.a. gott aðgengi skipa, inn á Ölfusárós og einnig hefur hið mikla votlendi upp af ósnum ekki verið hulið skógi og því hefur ekki þurft að byrja á að ryðja hann til að efna til byggðar. Nægur heyafli hefur verið á votlendinu fyrir nautgripi og annan fénað og skammt í sumarbitaga á fjöllum. Mikil selveiði var í ósnum og sölvatekja á ströndinni, og sjávarafli utan við landsteina. Óhætt er að fullyrða að fáar sveitir á Íslandi hafa jafnmikil landgæði á litlu svæði og Ölfusið. Af þessu má ætla að snemma hafi orðið þéttbyggt í Ölfusi – og má vel vera að sagnir um skamma viðveru Ingólfs Arnarssonar undir Ingólfsfjalli geymi minningar um að héraðið hafi byggst einna fyrst af sveitum landsins.

Það land sem nú tilheyrir Helli hefur fyrst byggst sem hluti af bænum Fjalli, líklega fljótlega eftir að fyrsti kjarni Ölfus, Forirnar, kemst í byggð.

Jarðirnar undir Ingólfsfjalli hafa byggst upp með nokkuð jöfnu millibili og eru að jafnaði fremur stórar þó engin þeirra teljist til stórbýla. Á 11. öld reistu efnaðri bændur og höfðingjar kirkjur og bænhús á jörðum sínum og má af dreifingu slíkra húsa fá nokkra hugmynd um skipulag byggðar á þeim tíma. Kirkja var í Fjalli, en athyglisvert er að þekktar kirkjur á þessu svæði eru á öllum dýrustu jörðunum. Þær eru, líkt og jarðirnar, með nokkuð jöfnu millibili en eru hlutfallslega margar miðað við fjölda býla. Dreifing bæja og kirkna bendir því til jafnvægis og gæti bent til að sjálfseignarbændur hafa þar komið sér upp búum eftir að besta landið í Ölfusi var uppuríð. Fjall var líklega meðal fyrstu jarða til að byggjast upp undir Ingólfsfjalli; til

³ Hluti þessa kafla byggir á umfjöllun um byggðasögu í svæðisskráningarskýrslu, sjá Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999.

⁴ Brynjúlfur Jónsson 1897, 18-20

Þess benda ágæt landgæði jarðarinnar í upphafi, sú staðreynd að þar reis kirkja, sem og nafnið sjálft: Fjall.

Næsta lítið er vitað um byggð í Ölfusi á síðmiðöldum. Margra jarða í Ölfusi er hvergi getið í skjölum fyrr en í jarðabókum 17. aldar og er Hellir ein þeirra. Hennar er fyrst getið í jarðabókum í kringum 1700 sem hjáleigu Fjalls og því er ekki vitað hvenær hún byggist fyrst. Á 17. öld eyddist Fjall vegna aurskriða og grjóthruns úr Ingólfsfjalli. Einsýnt er að orsök þeirra skriðufalla er að rekja til þess að skógur, sem áður hélt jarðvegi í hlíðum fjallsins, hefur verið eyddur á þessum tíma og hefur síðan runnið stöðugt úr hlíðum þess. Eftir að bæjarstæði Fjalls var yfirgefið á 18. öld skiptist jörðin milli Laugarbakka og Hellis sem áður voru hjáleigur Fjalls. Fossnes, sem áður hafði verið sjálfstætt býli og gengið kaupum og solum með Árbæ, virðist um þetta leyti hafa sameinast Fjallsjörðunum og eftir að býlið fór í eyði skömmu eftir 1800 lagðist land þess til Hellis. Búskapur var stundaður í Helli fram undir miðja 20. öld en síðan hefur jörðin legið í eyði. Hún er nú eign sveitafélagsins Árborgar og eru þar ráðgerð útivistarsvæði og skógrækt á um 120 ha. svæði.

Hellisland nær nú að austan frá Ölfusá, um Helligil upp að tóftum Fjallsbæjar og áfram til norðvesturs upp á brún Ingólfsfjalls. Að vestan nær landareign jarðarinnar frá ánni vestan við Fossnes. Landamerki liggja um Markagil og Markhól, norður um mýrar að Markasteini og Markahamri ofan þjóðvegur og upp á fjallsbrún. Landslag jarðarinnar einkennist fyrst og fremst af aflíðandi mýrar- og engjasvæðum milli Ingólfsfjalls og Ölfusár. Engjarnar voru áður nýttar til sláttu og sumar hverjar til beitar. Upp úr engjunum rísa víða lág en grasgefin holt. Á einu slíku, Túnhól, stóð Helligbærinn og á þessum holtum hafa flestar byggingar og mannvirki áður verið sett niður og því flestra fornleifa að vænta þar.

⁵ Ágúst Georgsson. 1990.

WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.


Rétt er að geta að þó hér fylgi með svæðisskráning fyrir allan Helligsbæ þá var einungis skráð á vettvangi sá hluti jarðarinnar sem fellur innan deiliskipulagsreits.

ÁR-489 Hellir

"Þriðja býli af sömu jörð [Fjalli]. Dýrleiki þess er vi lxxx álnir og so tíundast." JÁM, 392. "Hellir hefur byggzt úr landi Fjalls...

Landamerki: Að austanverðu er varða á Fjallstóttum, úr þeirri vörðu ræður sjónhending í Mígandaþúfa, frá Mígandaþúfu ræður Helligil fram í Ölfusá, svo ræður Ölfusá vestur í mynnið á svonefndu Markagili; þaðan í Markhól, sem á vesturbakka gilsins. Úr Markhól ræður sjónhending gegnum Flagið fyrir austan Einbúa upp í markastein, sem er fyrir neðan veginn upp við Ingólfsfjall, og þaðan upp í Hamarinn fyrir vestan Eyðihvamm." Ó-Hellir, 1.

1917: Tún 3.8 ha, þar af c. 2/3 slétt. Garðar 585 m².



ÁR-489:001 Hellir tóft bústaður

63°57.297N 21°00.094V

"Bærinn Hellir stóð á stærsta holtinu í mýrinni fram af Fjallstúni norðvestan í Túnhólum." segir í Sögu Selfoss. Í örnefnalýsingu segir: "...mun bærinn hafa staðið á sama stað. Hvenær hann var byggður, veit ég ekki." Búið var á Helli fram til 1944. Rústir bæjarins eru enn alveg óspilltar, norðvestan í Túnhóli, hátt í 700 m NA af gámastöð norðan Selfossbæjar.

Rústirnar eru á aflöngu holti sem liggur austur-vestur. Það rís hæst austast, þar eru tilkomumiklir klettur með helliskútum. Mýrar eru umhverfis holtið og víða hafin trjárækt, þó hvergi í námunda við bæjarstæðið. Fram af því til suðausturs er stakur klettur, Krummaklettur.


Í Sögu Selfoss er síðasta bænum lýst nokkuð ítarlega og þar er af honum mynd, heldur óskýr:

"Á búskaparárum síðasta bóndans í Helli, Einars Sigurðssonar, voru bæjarhúsin enn með gömlu sniði. Sex burstir voru fram á hlaðið. Vestast var skemman, sem var úr torfi og grjóti en járn á þaki. Þar voru geymdir reiðingar og annað, sem tilheyrði búskapnum. Þar var steðji, þar sem ljáir voru klappaðir. Inni í henni voru tveir skammbítar. Uppi á þeim voru geymd orf og hnífur. Gryfja var í gólfinu, þar sem geymdar voru rófur og reiðingar lagðir ofan á. Fiskasteinn var á hlaðinu fyrir framan skemmuna. Næst var gestahús um 3 X 3 metrar að stærð. Áfast því var skúrbygging með bæjargöngum beint norður í þvergöngin fyrir norðan gestastofuna. Þar fyrir norðan, beint á móti bæjargöngunum var hlóðaldhúsið. Það var allt úr torfi og grjóti og raftur á sperrum og torf. Hlóðirnar voru við suðurvegginn til vinstri, þegar inn var komið. Gluggabóra var á norðurhlið í gluggatóft. Úr þvergöngunum var gengið suður í



Bæjartóftirnar, horft til norðurs

gestastofuna og þaðan einnig upp á loft hennar, sem var með glugga á framstafni. Þar var geymdur mjölmatur, harðfiskur og annar matur, sem ekki var súr eða saltaðar, enda var þar kalt, aðeins einföld klæðning á þaki og járn. Vestur af þvergöngunum var eldiviðargeymslan, öll úr torfi og grjóti, gluggalaus. Vestur af þvergöngunum var eldiviðargeymslan, öll úr torfi og grjóti, gluggalaus. Í skúrbyggingunni fyrir austan bæjargöngin var búið með glugga í suðurhlið. Þar var geymdur súrmatur og saltaður matur, og þar var unnið úr mjólkinni. Þangað var gengið úr þvergöngunum fyrir austan um skellihurð með lóðum. Austur úr þvergöngunum var gengið inn í baðstofuna. Hún var 5,65X3,14 metr. að stærð og með stórum glugga út á hlaðið. Þrjú föst rúm voru við austurvegg tvö við vesturvegg. Austurveggur hennar var hlaðinn úr torfi og grjóti og klæddur innan með panel fyrir neðan sperrurnar. Hún var með skarsúð og járn. Við norðurvegg var lítil ofn. Norðan við dyr baðstovunnar var gengið á ská norður í eldhúsið. Það var með grjót- og torfveggjum, þiljað innan og loftið klætt og járn á þaki. Gluggi var í gluggatóft til norðurs. Eldavélin var við suðurvegg. Fyrir austan bæjarhúsin var heyhlaða og smá sund á milli. Hún var hlaðin úr torfi og grjóti með járn á þaki. Dyr voru að sunnan en baggagat að norðan. Hún var lítið niðurgrafin og tók um 160 hestburði eða 4 1/2 kýrfóður. Austast var fjósið, úr



torfi og grjóti og reft yfir með hellu og torfi. Gengið var í það að sunnan og upp tvær tröppur. Helluflór var þvert yfir húsið og hefur sennilega áður haft dyr í austur. Við norðurvegg voru þrjár básar með jötum en að sunnan sinn básinn hvorum megin. Haugstæði var austan við fjósið." Eins og áður segir eru bæjarrústirnar vel greinilegar. Síðasti bærinn var rifinn 1947 eða 1948 en hann var talinn reistur nálægt aldamótunum 1900, þá að hluta á eldri bæ. Þegar bærinn var rifinn var hluti byggingarefnis fluttur vestur í Einholt þar sem síðustu ábúendur í Helli gerðu sér bæ. Enn er hluti af þverbitum og sperrum úr stofunni í Helli í notkun, í hesthúsi Sigtryggs Einarssonar á Selfossi. Bæjarrústin á Helli er vel greinileg (árið 2004). Hún er alls um 30 x 12 m stór frá austri til vestur og hefur framhlið bæjarins snúið í suður. Veggir eru víðast algrónir, mest um 1,5 m háir. Rústin samanstendur af 5-6 hólfum sem nú verður lýst,

hverju fyrir sig og byrjað vestast. Þar er skemmutóftin; einfalt hólf með dyr í suður, alls um 7 x 5 m stórt að utanmáli en um 3 x 2 m að innanmáli. Beint framan við vesturvegg hennar geta kunnugir enn fundið steininn sem fiskur var barinn á en hann er kominn á kaf í sinu. Vestan við skemmuna er stórt hólf, alveg opið í suður og hefur þar verið timburpil fyrir og innveggir allir úr timbri. Dálítið vestar en fyrir miðju hólfins er gamla dyrahellan sokkin í svörð, þar voru bæjargöngin. Hólfið er alls um 8 x 8 m stórt að innanmáli. Göngin hafa verið lítið vestar en fyrir miðju og var stofa (gestahús) vestan við þau. Inn eða norður af stofunni var hlóðældhús og er þar greinilegt hólf, um 4 x 2 m stórt að innan með dyr í suður, inn í stóra hólfið. Þar eru leifar af gamalli eldavél sem þó var aldrei í notkun þar inni. Í hlóðældhúsinu hékk m.a. kjöt og þar var soðið slátur. Vestan við það vottar óljóst fyrir hólfi þar sem veggir eru mjög hrundir þannig að hólfið er næstum uppfyllt af torfhruni, viðlíka stórt og eldhúsið. Það var eldiviðargeymsla og hænsni geymd á veturnum. Eldiviðageymslan er svo að segja beint norðan við skemmuna en þó var ekki innangengt þar á milli heldur gengið í geymsluna úr stofunni. Þá skal snúið aftur að bæjargöngunum. Austan við þau var búr en austan við búið baðstofa, þiljuð að innan og með trégólfi en þó var klöpp undir rúmi móður Sigtryggs Einarssonar, syðst og austast í baðstofunni. Norðan við baðstofuna var eldhús með skorsteini sem enn vottar fyrir, væntanlega yngra en hlóðældhúsið. Norðurveggur eldhússins er allra veglegasta hleðslan sem enn er uppistandandi í bæjarrústinni. Hann er grjóthlaðin og óhrunninn, 1,4 m há. Ber að ítreka að engin skil sjást nú milli allra þessara bæjarhluta: Ganga, stofu, búrs, baðstofu og eldhúss. Austan við baðstofuna er mikill og allt að 3-4 m þykkur veggur, algróinn, nefndur "sund" í lýsingu í Sögu Selfoss. Austan við hann er hólf; hlaða, alls 7 x 5 m stór að innanmáli frá norðri til suðurs með dyr í suður. Austan við hana og austast í bæjarröðinni er fjóstóft, um 5 m löng og 2-3 m breið að innan, einnig opin í suður. Fjósinu var ágætlega lýst hér að framan en þó má bæta við að áður munu hafa verið dyr á austurhlið þess en var hlaðið upp í þær fyrir minni Sigtryggs Einarssonar, líklega vegna kulda. Framan eða sunnan við bæjarröðina alla mótar greinilega fyrir hlaði eða stétt, sléttri brík sem liggur meðfram tóftinni allri en frá henni hallar til suðurs niður að kálgarði 021. Stéttin hefur verið 2-4 m á breidd. Vestan við bæinn, á ystu nöf Túnhóls, vottar greinilega fyrir veggjum sem afmarka hólf, tæplega 15 x 15 m stórt. Bratt er frá því á allar hliðar. Hleðsla er eingöngu að vestanverðu, aðeins um 0,3 m há, en sérkennilegur klettaveggur sem minnir á hleðslu skýlir hólfinu að norðanverðu. Þetta mun hafa verið heygardur og nefndu börn í Helli hann "Hallargarð". Að lokum má geta þess að sunnan við bæinn, ofan við Krummaklett og austan við kálgarð 021 var slétt flöt þar sem gjarnan var tekið af hrossum og þótti börnum það góður leikvöllur. Ösku og úrgangi frá bænum var í minni Sigtryggs kastað niður í kálgarðinn, í norðvesturhorn hans og er nánari lýsing þar (sjá 021). Bæjarhóll er ekki greinilegur undir rústum Hellisbæjar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Selfoss I, 29 og 202-204 og Ö-Hellir, 1

ÁR-489:002 útihústóft


63°57.318N 21°00.076V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var útihús rúm 20 m norður af austurenda bæjarins 001. Þar er óljóst tóft. Hún er í túni, milli tveggja sérkennilegra, lítilla en kúþra hóla sem báðir eru toppmyndaðir. Samkvæmt Sigtryggi Einarssyni hétu þeir Litli- og Stóri Fjóshóll.

Tóftin er 6 x 5 m stór og snýr með dyr í suður. Veggir eru mosagrónir og signir, mest 0,4-0,5 m háir. Dyrnar eru á smátotu sem gengur 1,5 m til suðurs frá tóftinni, líkt og þar hafi verið lítill gangur. Rof er á norðurhlið og virðist sem hleðsla gangi þar þvert í gegn frá norðri til suðurs en gæti þó verið þúfnamyndun. Sigtryggur Einarsson man ekki eftir húsi eða tóft á þessum stað. Ekki er útilokað að húsið sem sést á túnakorti sé í raun sama hús og hesthús 022.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort



ÁR-489:003 Austurlind heimild um vatnsból

63°57.342N 20°59.995V

"Austurlind. Vatnsból austur í túninu..." segir í örnefnaskrá. Í Sögu Selfoss segir: "Þar fyrir norðan [við Litla-Helli 008], austast í túninu við lága strýtu, sem alltaf var upp úr í snjó, var Austurlind, stundum kölluð Lindin. Þar var gott vatnsból og oft sótt þangað vatn á veturnum í fjósið og ævinlega í féð í hellunum." Austurlind er austan í Túnhól, um 20 m norðan við hæsta punkt hans og 40-50 m vestan við unglegan kálgarð 031. Þar sprettur lítil lind undan hólnum í grösugum slakka og rennur til austurs.

Í uppsprettunni var hlaðinn brunnur, allt að 1,5 m djúpur. Hann er horfinn en grillir þó í grjót í miklu stórþýfi við uppsprettuna. Sigtryggur Einarsson segir að gott vatn hafi verið í lindinni en minnst þess þó ekki að sótt hafi verið vatn þangað, enda skemmra í vestari lindina 004. Birki hefur verið plantað um 10 m sunnan við vatnsbólið.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hellir, 1

ÁR-489:004 heimild um vatnsból

63°57.289N 21°00.147V

"Austurlind. Vatnsból austur í túninu [sjá 003], en annað var fyrir vestan bæinn" segir í örnefnaskrá. Í Sögu Selfoss segir: "Vestan við bæinn [001] rann lækur sem notaður var til þvotta og vatnsból fyrir framan fjósið." Vestan við bæjarrúst 001 og Túnhólinn snarlækkar land og við tekur mjög blaut mýri. Þar, um 20 m vestan við rætur Túnhóls, vottar fyrir lækjarfarvegi.



Farvegurinn, horft til vesturs

Umhverfis er deiglent drag, 1-2 m breitt en mjög grunnt. Í því rann áður lækur sem þornaði smám saman upp þegar skurðir voru grafnir í mýrunum í kring. Ágætt vatn var í læknum og lítið mýrarvatn í því. Hann var yfirleitt nefndur "Bæjarlækur". Þangað var sótt vatn til drykkjar og þvegnir sokkar og plögg. Sokkarnir voru barðir á steini við lækinn en hann er nú horfinn og ekki ljóst hvort hann hefur verið fjarlægður eða sokkið í mýrina. Lítil rampur hefur verið hlaðinn frá rótum Túnhóls og að læknum, sjá fornleif 029. Lækurinn hefur á sínum tíma verið grafinn út suðvestan við Túnhól en skurðurinn nú að mestu samansiginn. Lækurinn var stíflaður um 100 m sunnar á vorin og látinn flæða yfir mýrarnar, sjá áveitu 023. Ýmsar yfirnáttúrulegar verur bjuggu á Helli og greindi Guðbjörg Einarsdóttir sem dvaldist í Helli veturinn 1916 frá einkennilegum hljóðum sem hún varð vör við þegar hún þvoði í laug skammt frá bænum, líklega þeirri laug sem hér er skráð. "Eitt sinn á áliðnum degi fer ég með þvott í skjólu út að laug einni, sem er þar spölkorn uppi í mýrinni. Þíðviðri var og frostlaust og krapavaðall og vatnselgur á jörðu. Þegar ég er rétt komin á leiðinni, heyrðist mér sem hestur gangi hjá mér og slabbaði í krapinu eins og undan hesthófum. Lít ég í kringum mig, en þar er hvergi hestur né önnur skepna sýnilega. En í sama bili heyrir ég snörhljóð, eins og hestur frýsi. Þykir mér þetta næsta kynlegt, þar sem ekkert hross var nálægt. Þá heyrir ég sagt greinilega hjá mér: "Þetta er hún Gudda." Varð mér þá næsta bilt við, herti þó upp hugann og þvoði í lauginni fatnaðinn, er ég hafði meðferðis. En að því loknu hraðaði ég mér heim til bæjar. Rétt fyrir vestan laugina er ás einn, og þar hefir fólk oft heyrt kýr baula, þótt engar sýnilegar kýr væru þar nálægt. Líka hefir þar heyrt skarkali, líkt og skjólum væri skellt, og ýmiss konar annar hávaði, er eigi þótti með öllu eðlilegur."

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hellir, 1 og Saga Selfoss I, 30 og 176-177

ÁR-489:005 vegur samgöngubót

63°57.316N 21°00.131V

Upphlaðinn vegur liggur í norðvestur um mjög gljúpa og blauta mýri frá Túnhól, í átt að norðausturenda Miðaftansholts.

Næst Túnhól er vegurinn allt að 4-5 m breiður og 0,3 m hár. Rásir liggja samsíða honum beggja vegna þar sem torf hefur verið tekið til hleðslunnar. Hann fjarar út áður en þurrlandinu við Miðaftansholt er náð, eftir um 100 m. Hann hefur vafalaust tengst Hellisbrúm 017 en nyrsti hluti þeirra hefst við norðausturhluta Miðaftansholts og eru aðeins 50-60 m milli vegspottanna.




Vegurinn, horft til norðvesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-489:006 fjárhústóft

63°57.316N 21°00.000V

Tóft er ofan við Gjóstu 033, 50-60 m ANA af bæjarrúst 001. Hún er í kverk milli tveggja gróinna kletta. Fram af henni er nyrsti hluti Túnhóls en suður



Fjárhústóftin, horft til norðvesturs

af er dalverpi í hólnum en tóftin liggur þvert á það.

Tóftin er einföld, algróin en stæðileg, 9 x 6 m stór og snýr hér um bil austur-vestur. Op virðast hafa verið á báðum skammhliðum. Veggir eru veglegir en gróinir, allt að 1,5 m breiðir og 1,2 m háir en líklega hefur tóftin verið niðurgráfin um allt að 0,5 m.

Mannvirki þetta var ekki í notkun eftir miðja 20. öld en Sigtryggur Einarsson telur líklegt að tóftin sé af fjárhúsi. Önnur tilgáta er sú að hér hafi verið lítil rétt eða kvíar, enda ágætt aðhald milli klettanna.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-489:007 Stórhellir hellir fjárskýli "Stórhellir. Fjárhellir austan í Túnhólum. Hann tekur nær 100 fjár, og mætti stækka hann. Þar var mikið af leggjum í holu síðan um niðurskurðinn." segir í örnefnaskrá. Í Sögu Selfoss segir um hellinn: "Sunnan í Túnhólum er Stóri-Hellir, 10 m langur og 8 m víður. Honum var lokað með þili og geymt þar hey en framan af honum var fjárhús." Stórhellir er í Túnhóli austanverðum, um 120 m austan við bæ 001. Hann er um 20 m vestan (ofan) við vegslóða sem liggur að Hellistöftum (001).

63°57.294N 20°59.949V



Stórhellir, horft til norðvesturs

Austan (neðan) við hellinn er grasi vaxið, bletturinn beint neðan við hellinn er sérstaklega ræktarlegur, þar var kálgarður 027. Engin ummerki sjást þó lengur um fjárhúsin sem voru beint neðan við hellinn. Skógrækt er hafin víða umhverfis, þó hvergi í nánasta nágrenni hellisins.

Fram til um 1960 gegndi hellirinn hlutverki hlöðu en þá var fjárhús fyrir framan hann. Matthías Þórðarson friðlýsti hellinn 5.5.1927: "Hellir fremst í túninu, skamt austur frá bænum, austan í grasivöxnum blágrýtishól." Hellinum var fyrir nokkrum árum umturnað nokkuð, mokað var út úr honum og aukið mjög á brekkuna upp úr hellinum. Við þær framkvæmdir hurfu fjárhústóftir sem voru fyrir framan hellinn. Þó gætu síðustu leifar þeirra enn verið undir uppmokstrinum utan við



Stórhellir, horft til VNV

hellinn. Nú er hellirinn greinilega vinsælt afdrep unglunga og barna auk þess sem ásatrúarmenn koma þar stundum saman. Mól hefur verið sett í hellisbotnin en lágir bekkir meðfram hliðum hans. Lítið eldstæði hefur einnig verið gert utarlega í hellinum og 8 steinþrep lögð niður í hann. Hellirinn er 7-8 m á breidd en 10-15 m djúpur (15 m eru frá hellismunna í botn). Hann er allt að 8 m á hæð og er víður og rúmgóður. Upplýsingaskilti er við veginn austan við hellinn þar sem sagt er frá hellinum. Þar kemur fram að hellirinn myndaðist við lok jökulskeiðs á ísöld þegar brim svarf klettinn sem er úr 0,7-3,1 milljón ára gömlu basalti. Ekki er getið um friðlýsingu hellisins á upplýsingaskilti og ekki er sérstakt friðlýsingaskilti í eða við hellinn. Hann var síðastur notaður fyrir hey um eða eftir 1960 skv. Sigtryggi Einarssyni. Þá var enn mikil grjóthleðsla fyrir hellismunnanum, allt að rúm mannhæð en hún er nú með öllu horfin. Reft var fyrir hellisopið ofan hleðslunnar og þar voru dyr yfir í fjárhúsið.

Á fyrri árum var talið reimt í Stórahelli: "Gamla fólkið taldi reimt í Stóra-Helli. Þóttust menn hafa séð þar mann, lítinn að vexti og kauðslegan. Sérstaka athygli vakti, að hann var með stóran, bláan trefil um hálsinn. Gerði hann oft vart við sig undan slæmum veðrum í draumum heimilismanna. Talið var að í hellinum hefði maður hengt sig í trefli," segir í Sögu Selfoss. Þar segir ennfremur: "Við hellinn var fjárhús fyrir 30 fjár, og hellinum lokað með torfi og grjóti og þili ofan á. Úr því var gengið niður í hellinn, sem var góð hegygmsla. Um hann kvað Símon Dalaskáld:

*Hellirinn er hjarðarskjól
hlaðinn blóma frýnum.
Náttúran það byggði ból
bezt með höndum sínum.*

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hellir, 2; Fornleifaskrá, 77 og Saga Selfoss I, 30 og 179, 203-204

ÁR-489:008 *Litlihellir* hellir fjárskýli

63°57.306N 20°59.948V

"Litli hellir er lítið norðar en sá stóri. Hann tók 14 lömb; er nú (1931) mörgum týndur." segir í örnefnaskrá. Litlihellir er um 20 m norðan við Stóra-Helli 007 í beina loftlínu. Hann er um 30 m ofan (vestan) við vegslóða sem liggur til norðausturs frá slóða að Hellisrústum (001). Beint framan við hellinn er lág klettastrýta. Fyrir framan hellinn er grasi gróið og tekur þar við brekka til norðausturs. Norðaustar er mýrlend slétta.

Hellirinn er mun minni en Stóri-Hellir og vart hægt að kalla hann meira en skúta sem bergið slútir yfir. Hann er um 2,5 m á breidd en 2 m á dýpt, mest 0,8-1 m á hæð. Hluti af hellisbotninum er vaxinn arfa en einnig er í hellisbotninum að finna mikið af smáum beinum, sérstaklega við hellismunnann. Engar hleðslur eru í eða við hellinn. Líkt og með Stóra-Helli virðist sá litli nú vinsæll áningarstaður, sérstaklega barna. Hellirinn var ekki í notkun í minni Sigtryggs Einarssonar (f. 1935).

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hellir, 2

ÁR-489:009 *Ferjustaður* heimild um ferju

63°57.069N 20°59.172V

"Ferjustaður. Svæðið niður við Ölfusá, þar sem ferjað var yfir frá Laugardælum, og átti Hellisbóndinn fría ferju, og þar að auki átti hann 40 fiska fyrir átroðning. Kallþúfa. Þúfa sú á Ferjuholti, sem menn stóðu hjá, þegar þeir kölluðu á ferjuna frá Laugardælum. Sést þangað heim af þúfunni sunnan við túnið á Svarfhól. Gólholt. Þórður er ekki viss um hvar það er, en Sigurður taldi líklegast, að það væri holtið, sem Kallþúfan er á." segir í örnefnaskrá. Í Sögu Selfoss er fjallað um staðinn: "Ferjustaðurinn var vestan í Ferjuholtinu hjá Svarfhóli, þar sem nú liggja háspennulínur yfir ána. Rétt fyrir ofan lendinguna sér í dökkan klett í ánni, sem erfitt var að rá fyrir, þegar farið var upp á lygnuna fyrir ofan. Á ferjustaðnum mundi Eiríkur Björnsson, sem lengi var vinnumaður í Laugardælum, eftir grjóti sem hafði verið í bryggju fyrir ferjubátinn. Þaðan var róið út á ána og komið út í mikinn straum, sem var þyngstur austan við miðja ána. Hrakti bátinn þá hratt undan þangað sem nú er neðri raflínan. Þaðan var mjög létt að róa með útlandinu. Farið var mjög grunnt, rétt að báturinn flyti. Og þar var oft lent eftir því hvað máttinn hrakti og hleypt á landi fólki og farangri og skepnum, ef þær höfðu verið skiplagðar. Þegar farið var austur yfir, var róið upp með landinu í innstreymi og lagt út á ána við klettsnefið austur af Grímsklettum. Þaðan var tekið strauðið og hrakti þá svipað og áður. Þaðan þótti gott að ná laxalögninni,



Litlihellir, horft til vesturs

en oft hrakti niður að eyrinni. Það var léttur róður í innstreymi upp að Ferjustað. Þetta þótti ekki mjög erfið ferja fyrir vana menn, enda innstreymi báðum megin og aðeins 130 metrar milli bakka." Ferjuholt er um 750 m ASA við bæ Hellisbæinn 001, þar sem háspennulína liggur yfir Ölfusá. Upplýsingaskilti er í námunda við ferjustaðinn þar sem veittar eru sögulegar upplýsingar um staðinn.

Klettur er við árbakkann en upp af þeim er grasi- og mosavaxinn ávali þar sem skógrækt er hafin.

Náttúruleg vör er rétt norðan við upplýsingaskiltið. Hún er um 5 m á breidd en 6-7 m löng. Þar er járnstaur, leifar af girðingu sem var rifin fyrir löngu síðan. Sigtryggur Einarsson telur þó að ekki hafi verið lent þar heldur um 100 m ofar, við lítið nes sem skagar út í ána en þar er betri uppganga og áin lygn. Þangað lá vegarslóði, upphlaðinn að hluta, í beinu framhaldi af Hellisbrú 017. Hann er nú horfinn undir gangstíg. Eins og kemur fram í Sögu Selfoss var komið að landi á mörgum stöðum eftir því hversu langt til suðurs menn hróktust á siglingu sinni yfir ána.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Hellir, 2 og Saga Selfoss I, 111-112

ÁR-489:010 heimild um brú

"Sundagil. Rennur við Hrossflatir og í Ölfusá. Lítil brú var á gamla veginum og foss alveg við brúna." segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hellir, 3

ÁR-489:011 *Grímsklettur* sögustaður huldufólksbústaður 63°57.086N 20°59.401V

"Grímsklettur, stundum kallaðir Grímshólar (Þ.S.). Þeir háu hamrahólar, þar sem Hellisgil rennur í Ölfusá. Munnmæli herma, að Erlendur gamli á Strönd hafi vegið þar mann (sem líklega hafi heitið Grímur(Þ.Ö.J.))..." segir í örnefnaskrá. Grímsklettur eru um 650 m suðaustan við Hellisbæ 001. Akvegur liggur nú bæði fast suðaustan og rétt suðvestan klettanna/hólanna sem eru grasi grónir hamrar. Í hlífum þeirra hefur verið gróðursett nokkuð.

Göngustígar liggja um hólana. Áður var trú manna að huldufólk byggi í hólunum: "Einnig talaði gamla fólkíð oft um ljós austur í Grímsklettum og taldi þar búa huldufólk," segir í Sögu Selfoss. Þess má geta að á tímum síðari heimstyrjaldar höfðu hermenn gjarnan skotæfingar við klettana.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Hellir, 2 og Saga Selfoss I, 179

ÁR-489:012 heimild um brú

"Langanes. Nesið sem skagar út í ána. Norðurendi Ölfusárbrúar er í Langanesinu. Gamla brúin var smíðuð 1891, féll 1944." segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hellir, 2

ÁR-489:013 heimild um leið

"Hrossflatir. Vallendisblettir beggja vegna gamla vegarins, milli Fossness og Langaness... Sundagil. Rennur við Fossflatir og í Ölfusá. Lítil brú var á gamla veginum... Fossnesmýri. Hún liggur vestur að landi Árbæjar, að mestu leyti vestan gamla vegarins. Hrísmýrarklettur. Holt það, sem næst er gamla veginum að austanverðu. Þar er nú (1972) steypustöð. Hrísmýri. Mýrin norðvestur af Hrísmýrarkletti. Vegurinn (gamli) var lagður yfir hana, og er hún því beggja megin við hann." segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hellir, 3


ÁR-489:014 heimild um brú

"Sundagil. Rennur við Fossflatir og í Ölfusá. Lítil brú var á gamla veginum og foss alveg við brúna." segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hellir, 3

ÁR-489:015 Stekkjarholt beitarhúsatóftir

63°57.113N 21°00.187V



Beitarhúsatóftirnar, horft til suðurs

"Vestur í Stekkjarholti voru tvö beitarhús og var heytóft við annað," segir í Sögu Selfoss. "Hádegisholt. Holt í suðri frá gamla bænum. Á því holti reistu Einar Sigurðsson og Pálína Benediktsdóttir hús og nefndu Einholt [rétt fyrir 1950]. Mun nafngiftinni hafa ráðið, að Pálína var fædd og uppalin í Einholti á Mýrum í Austur - Skaftafellssýslu." segir í örnefnaskrá (Ö-Hellir, 3). Stekkjarholt er 350 m vestur af bæ 001. Á holtinu, þar sem Einholt stóð áður, er nú afgirt lóð í

einkaeigu. Þar er mjög grasgefið.

Tóftir eru inni á lóðinni, 10-15 m austan við staðinn þar sem Einholt stóð áður en þar er nú lítt áberandi húsgrunnur. Tóftirnar samanstanda af gömlu beitarhúsi annars vegar og fjósi og hlöðu hins vegar sem tilheyrðu Einholti og voru byggð við beitarhúsið árið 1947. Beitarhúsatóftin er fremst eða syðst. Hún er einföld, 8 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Dyr snúa til suðurs og veggir ná allt að 1,6 m hæð. Inni í tóftinni sjást leifar af bárujárni og timbri. Húsin voru með jötum meðfram veggjum og voru notuð fyrir fé meðan byggð hélst í Einholti. Norðan við þau var hólf, líkast til heygardur, sem hvarf þegar fjósið og hlaðan voru reist en tóftir þeirra eru norðan við beitarhúsatóftina. Fjósið var vestar, alls er tóftin um 5 x 4 m að innanmáli og snýr N-S, opin til suðurs. Sambyggð henni að austanverðu er hlöðutóft, alls 8 x 6 m að innanmáli frá austri til vesturs. Hún er opin til suðurs og hefur væntanlega verið timburgafl þar á báðum byggingunum. Austast í hlöðunni var pláss fyrir nokkur hross - dyr eru á austurvegg. Veggir fjóss og hlöðu eru stæðilegir og grjóthleðslur sjást í þeim innanverðum. Ekki er vitað um aðrar beitarhúsatóftir á holtinu og ekki heldur um stekkjartóftina sem það dregur nafn sitt af, nema ef vera skyldi tóft 016.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Saga Selfoss I, 204

ÁR-489:016 réttartóft

63°57.132N 21°00.012V



Hellisbrú, kaflinn ofan við Miðaftansholt, að þjóðvegi, horft til NNV





Réttin, horft til austurs

Hlaðin rétt er sunnan undir Stekkjarholti, um 300 m vestur af bæ 001 og rúmum 100 m suðaustan við tóftir 015. Stórgrýti er undir holtinu en tóftin er á grónum bala.

Einföld rétt, 7 x 9 m stór frá austri til vesturs, op snýr í austurátt. Hún er byggð við brattan klettavegg að norðanverðu og er því aðeins hlaðið að sunnan og vestan og hefur líklega hentað vel að reka meðfram holtinu og inn í réttina. Veggir réttarinnar eru að mestu hrundir, þeir hafa verið úr grjóti eingöngu. Réttin var notuð í minni Sigtryggs Einarssonar fyrir fé, framundir miðja 20. öld.

Hættumat: , vegna framkvæmda

samgöngubót

"Hellisbrú. Gamall þjóðvegur frá Ingólfsfjalli og niður að Ferjustað. Hún er í þremur bútum og holt á milli þeirra. Vegur hefur verið upphlaðinn, en ekki borið ofan í. Brúarendi. Svæðið þar sem Hellisbrúin endar við fjallskriðu, suðvestan við Blákoll." segir í Örnefnaskrá. "Miðaftansholt er til vesturs frá bænum. Hellisbrúin liggur norðan við það." segir í örnefnaskrá. Veginum er lýst í Sögu Selfoss: "Um Hellismýri liggur forn vegur frá fjalli að ferjustað. Var hann kallaður Hellisbrú og var í þremur hlutum milli holta, og sér hennar enn vel stað. Efsti hluti hennar liggur frá fjallinu við Blákoll og kallast Brúarendi og lá fyrst í Miðaftansholt. Þaðan í Stekkjarholt með spotta þaðan austur að Helli. Úr Stekkjarholti lá vegurinn í Hádegisholt og úr því í Hellisholt og komið þar að ánni við Kallþúfu. Þar blasti ferjustaðurinn við og þaðan var ferjan kölluð. Þaðan var farin slóð niður holtið norður að Ferjustað, sem var á móti Svarfhóli."

Hellisbrú liggur um mýrar, enda tilgangurinn að auðvelda yfirferð um þær. Eins og sést af lýsingu í Sögu Selfoss lá vegurinn í þremur köflum. Hefst lýsingin hér nyrst, norðan Miðaftansholts, þá verður lýst bútnum sem tengdi Miðaftansholt og Stekkjarholt og að lokum þeim hluta sem syðstur var og lá allt að ferjustað 009 við Ölfusá. Úr norðri, allt frá rótum Ingólfsfjalls, liggur Hellisbrú til suðurs, að Miðaftansholti. Á þessum kafla er vegurinn þráðbeinn, 4-5 m breiður og allt að 0,4 m hár. Hann var ekki skoðaður norðan þjóðvegur en vegalengd frá þjóðvegi suður að Miðaftansholti er um 370 m. Farið hefur verið meðfram Miðaftansholti austanverðu en ekki vottar þar fyrir upphleðslu eða slóða. Hellisbrú sést á ný frá holtinu sunnanverðu og liggur þar yfir mýri, skemmstu leið að norðurenda Stekkjarholts 015. Alls er þessi hluti vegarins um 230 m langur og mjög greinilegur, um 4 m breiður. Þar sem hann hverfur við Stekkjarholt hefur verið lagður göngustígur með viðarkurli, áfram upp á holtið, og mun hann vera þar sem gamla leiðin lá áður. Sunnan við Stekkjarholt sést Hellisbrú enn á ný. Má rekja veginn allt að 350 m til suðurs en þar hverfur hann nálægt núverandi vegar slóða. Upphaflega sveigði Hellisbrú til austurs þar, í átt að ferjustaðnum, en hefur horfið undir veginn. Ekki er ljóst að hve miklu leyti sá hluti var upphlaðinn, enda virðist áhersla hafa verið lögð á að hlaða hann upp yfir mesta deiglendið, þ.e. yfir mýrar. Þó man Sigtryggur Einarsson eftir dálitlum hleðslum utan í brekku skammt vestan við ferjustaðinn, sjá 009.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hellir, 4; ÞS, 126 og Saga Selfoss I, 30-31

ÁR-489:018 Eyðihvammur heimild um bústað

"Eyðihvammur. Dalur eða lægð í fjallinu

ÁR-489:017

Hellisbrú

vegur

63°57.340N 21°00.358V



Hellisbrú, norðvestasti hlutinn, að Ingólfsfjalli



Hellisbrú, suðaustasti hluti frá Hádegisholti, horft til NNW

skammt austan við Vegamótin. Munnmæli segja þar bæ hafa verið. Engin merki sjást til þess." segir í örnefnaskrá. Í Sögu Selfoss er fjallað um staðinn: "Þar er Markahamar í miðju fjallinu upp af vegamótunum, þar fyrir austan er Eyðihvammur, vel gróin lægð á milli skriða. Munnmæli herma, að þar hafi bær staðið, en engin sjást nú merki þess."

Heimildir:Ö-Hellir, 4 og Saga Selfoss I, 33-34

ÁR-489:019 *Blákollur* áletrun

"Blákollur. Stór klettur, rétt fyrir ofan vegin hjá Brúarenda. Hann hrapaði í jarðskjálftanum 1896, í fyrsta kippnum, sem nokkuð kvað að (26. ágúst). Ártalið 1896 er málað á steininn.

Heimildir:Ö-Hellir, 5

ÁR-489:020 *Barnahellisskúti* hellir leikvöllur

63°57.301N 21°00.022V

"Barnahellissskúti, lítill hellisskúti næstur bænum... Þar er lítil hola langt inn í bergið, og hafði verið raðað í hana mörgum stórgripsvölum," segir í örnefnaskrá. Skúti þessi er um 30 m suðaustur af austurenda bæjarrústarinnar 001. Skútinn er í stökum og áberandi kletti, 6-7 m háum.

Skútinn er lítil og fremur ofarlega í klettinum, eða 1,7 m frá jörðu. Hann er 1,5 m breiður og um 0,8-1 m hár, allt að 1 m á dýpt. Ekki vottar lengur fyrir stórgripsvölum eða öðrum merkjum um leiki barna.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir:Ö-Hellir, 1



Barnahellissskúti, horft til norðausturs

ÁR-489:021 gerði kálgarður

63°57.284N 21°00.065V



Kálgarðurinn, horft til suðvesturs

"Fyrir framan bæinn [001] er Krummaklettur [028] í horni kálgarðsins," segir í Sögu Selfoss. Kálgarðurinn er í geil milli Krummakletts 028 og bæjarrústar 001, beint sunnan og neðan við bæinn.

Gróin, skjólgóð laut sem hallar lítillega til suðvesturs.


Kálgarðurinn er greinilegur og mótar enn óljóst fyrir beðum í honum sem snúa norður-suður. Alls er hann 23 x 20 m stór, hér um bil ferkantaður. Að austanverðu markast hann af hleðslu út frá Krummakletti til norðvesturs, 10 m langri. Hún er gróin og sigin, 0,5 m há. Að norðanverðu ræður brekkan undan bæjarrústinu en hleðsla er að vestanverðu, 23 m löng. Mjög óljós hleðsla er að sunnan, allt að Krummakletti. Í þessum garði voru einkum ræktaðar kartöflur og rófur. Ösku og öðrum úrgangi frá bænum var jafnan kastað niður í norðvesturhorn kálgarðsins, að sögn Sigtryggs Einarssonar. Þar mótar óljóst fyrir lágri þúst, um 2 m í þvermál.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Saga Selfoss I, 29-30

ÁR-489:022 hesthústóft

63°57.306N 21°00.034V



Hesthústóft, horft til suðvesturs

"Barnahellissskúti, lítill hellissskúti næstur bænum; seinna fénaðarhús fyrir framan skútann..." segir í örnefnaskrá Hellis. Í Sögu Selfoss segir um sama stað: "Fyrir framan hann [Barnahellissskúta] var hesthús fyrir sex hesta." Óljósar leifar hússins sjást beint framan undir skútanum 020. Þar er þurr grasflöt á Túnhól.

Tóftin er sem lágt þúfnahlaup sem myndar, ef vel er að gáð, hólf, um 6 x 4 m stórt frá norðri til suðurs en lögun þess er óregluleg. Greinilegt hleðslugrjótt er í þýfinu en gróska engin. Dyr sjást ekki. Sigtryggur Einarsson telur að hús þetta hafi staðið einna lengst allra húsa á Helli og því væntanlega fram yfir miðja 20. öld. Tæpa 5 m vestur af tóftinni er þúst, um miðja veginni milli Krummakletts og Barnahellissskúta. Hún er um 7 x 5 m stór frá austri til vesturs og allt að 1 m há, regluleg og algróin. Ekki man Sigtryggur eftir byggingu á þeim stað en hugsanlegt er þar séu leifar af öskuhaugi eða tóft.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hellir, 1 og Saga Selfoss I, 30

ÁR-489:023 garðlag áveita

63°57.272N 20°59.599V

"Fyrir framan Túnhólinn eru Austurengjar, blaut mýri með elftingarkenndu grasi, ekki kúagæfu. Þar var áveita með flóðgarði frá Tjörnum norður í Móhóla. Sér enn móta fyrir áveituskurði sunnan undir túni og austur í Hellisgil." segir í Sögu Selfoss. Nú er hafin skógrækt á þessum slóðum og hefur allt landið verið plægt upp og birki og aðrar trjáplöntur gróðursettar í raðir (NNA-SSV) þvert á áveitugarðinn. Enn má þó sjá leifar garðsins (NA-SV). Hann er næst bæ 001 um 300 m ANA hans.

Áveitugarðurinn er rofinn með jöfnu millibili þar sem plægt hefur verið í gegnum hann vegna skógræktar. Allt um kring er þétt skógrækt. Garðurinn náði frá Tjörnum, sem upphaflega gætu hafa verið nokkru stærri en nú, að Móhólum sem eru tæpum 300 m ANA við bæ 001. Suðaustasti hluti garðsins er nú horfinn og sömuleiðis sá hlutinn sem næst var Móhólum.

Garðurinn sést á 130 m kafla, sundurslitinn mjög. Hann er fyrst greinilegur að suðaustan, um 30 m norðaustan við göngustíg sem liggur meðfram Tjörnum. Garðurinn er torfhláðinn og vaxinn grasi og sinu. Hann er mest 1,5 m á breidd þó víðast sé hann 0,8 m-1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Að suðaustan liggur garðurinn í 20-30 m til norðurs en beygir þá til norðausturs og heldur áfram í um 100 m áður en hann hverfur í skjólbelti sem markar af suðausturhlíð skógræktar um 70 m áður en komið er að Móhólum. Samkvæmt Sigtryggi Einarssyni var bæjarlækur 004 stíflaður í mýrinni allt að 200 m sunnan við bæ 001 og hann látinn flæða vestur yfir mýrina.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar

Heimildir: Saga Selfoss I, 31

ÁR-489:024 náma mógrafir

63°57.402N 20°59.655V

"Norðaustur af þeim eru Móhólar, tvær litlar bergþúfur þar sem mórinn var þurrkaður sem stunginn var austur í Hellisgili." segir í Sögu Selfoss. Leifar mógrafanna sjást ennþá í giliinu, um 130 m norðaustan við Móhóla en um 400 m ANA við bæ 001. Grafirnar eru fast suðvestan við Hellisgil. Grasi grónir bakkar eru vestar. Fremur deiglent er á þessum slóðum en skógrækt er hafin vestan við gilið.

Á þessum stað voru bæði yngri og eldri grafir. Þær eldri voru rétt norðvestan við þær yngri, nærri því við upptök Hellisgils. Þær eru mun ógreinilegri. Hinar yngri eru hins vegar greinilegar. Þær eru snyrtilega skornar og mjög blautar. Grafirnar eru um 70 m á lengd en yfirleitt innan við 10 m á breidd. Þær snúa, líkt og Hellisgilið á þessum slóðum, norðvestur-suðaustur. Þær eru a.m.k. 1 m á dýpt þar sem skurðurinn er dýpstur. Mór var tekinn í yngri gröfunum meðan byggð hélt í Helli, fram yfir 1940, en var að sögn Sigtryggs Einarssonar að mestu uppurinn í þeim eldri.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Selfoss I, 31



Mógrafirnar, horft til suðausturs

ÁR-489:025 heimild um mógrafir

"Austur af því [Klifinu] eru Hrossaflatir. Um þær rann Sundagil úr Sundasundum vestur í Ölfusá um Mógilið, sem dregur nafn af góðu mótaki niður við ána." segir í Sögu Selfoss.

Heimildir: Saga Selfoss I, 33

ÁR-489:026 *Sængurkonusteinn* þjóðsaga huldufólksbústaður


"Rétt fyrir ofan veginn, 90 metrum fyrir vestan Blákoll var Sængurkonusteinn. Munnmæli herma, að þar hafi kona alið barn og huldukona hjálpað henni. Við jarðrask var steinninn fluttur til og er nú 15 metrum norðvestur af Blákolli." segir í Sögu Selfoss.

"Fyrir utan og ofan Helli í Ölfusi er fjöldi af stórum steinum, sem hrunið hafa úr Ingólfsfjalli. Undir einum þeirra er skúti. Það er eitthvert stærsta bjargið og heitir hann Sængurkonusteinn. Sagt er, að nafnið sé svo tilkomið: "Til forna stóð bær austarlega undir suðurhlíð Ingólfsfjalls, er hét í Fjalli og var hið mesta höfuðból, 30 hurðir á járnum. Þar hafði Ingólfur fyrst byggt. Þegar sagan gerðist, bjuggu þar auðug hjón en hörð og nízk. Eitt kvöld kom þangað förukona og bað gistingar. Það var auðséð á henni, að hún mundi innan skamms ala barn. Vildu hjónin því vera laus við hana og úthýstu henni. Var þó hellirigning um kvöldið. Hún ráfaði því austur með fjallinu (réttara vestur) en komst ekki nema að steininum og lét fyrir berast í skútanum. Þar ól hún barn sitt um nóttina. Bæði hún og barnið fundust þar lifandi um morguninn. Var þeim hjúkrað og hressust við. En þessa sömu nótt féll skriða á bæinn í Fjalli og hefir síðan eigi eftir af honum nema lítið eitt af túnjaðrinum, er enn í dag heitir Fjallstún og lítar leifar af einhverri byggingu, er þar vottar fyrir. (Almenn sögn í Ölfusi og Flóa, sem Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi skráði og birti í Huld I)." segir í Sögu Selfoss.

Heimildir: Saga Selfoss I, 35 og 174

ÁR-489:027 gerði kálgarður

63°57.297N 20°59.933V



Kálgarðurinn, horft til norðurs

Kartöflugarður var í brekku fast sunnan og austan við opið á Stórahelli 008. Grösug brekka mót suðaustri.

Óljósar leifar garðsins sjást enn ef vel er að gáð, fast austan við malarlagðan stíg að Stórahelli. Hann hefur verið um 13 x 13 m stór og eru óljósar, algrónar og þýfðar hleðslur að austan og sunnan og stallur uppi í brekkunni norðan við. Vesturhlið sést ekki, hún gæti hafa horfið undir göngustíginn. Trjám hefur verið plantað austan við garðinn og

örfáar plöntur eru innan í honum. Sigtryggur Einarsson telur að garðurinn sé frá því fyrir 1935.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-489:028 *Krummaklettur* þjóðsaga huldufólksbústaður

63°57.283N 21°00.055V

"Kringum bæinn á Helli eru stór hnullungabjörg dreifð víðsvegar. Eitt slíkt bjarg er í kálgarðinum fleiri mannhæða hátt, grastorfa efst. Sitja hrafnar oft upp á bjarginu, og er það kallað Krummaklettur," segir í Sögu Selfoss. Um klettinn segir ennfremur: "Á gamlársdag hreinsaði ég [Guðbjörg Einarsdóttir sem dvaldist í Helli 1916] og þvoði og fagaði, sem mest ég mátti. Þegar því var lokið, varð mér reikað út á hlað. Heyrði ég þá háan og hljómmikinn söng. Hlusta ég eftir og þykir söngurinn einkar fagur. Var sunginn sálmurinn "Nú árið er liðið í aldanna skaut," allur til enda. Fékk ég vel greint hvert orð, var sem nokkrar manneskjur syngju við húslestur. Þegar söngnum er lokið, geng ég inn aftur. Verður þá fyrir mér Sveinn bóndi, og segi ég við hann: "Mér þótti undarlegt, það sem ég heyrði áðan í Krummakletti," og segi honum frá því, er fyrir mig hafði borið. Sveinn svarar: "Ekki þykir mér svo undarlegt. Sitthvað svipað hefur nú þekkt hér." Sveinn var stilltur maður og orðvar og hafði lítt á orði, þótt eitthvað óvanalegt bæri fyrir hann. Þó sagði hann mér einu sinni þessa smásögu: Einu sinni var Guðmundur, sonur minn, úti staddur ásamt móður sinni. Var hann þá nokkuð á legg kominn. Voru þau stödd úti á hlaði. Þá segir Guðmundur allt í einu: "Mamma, sjáðu manninn, sem gengur inn í Krummaklettinn." En hversu sem hún reyndi, fékk hún eigi manninn séð."



Krummaklettur, horft til norðurs

Kletturinn er 20-30 m beint suður af bæ 001. Hann er 6-7 m hár, þverhniptur að suðvestan en gróinn og aflíðandi að norðanverðu og uppganga því auðveld.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Selfoss I, 29-30, 177-178 og Ísl. sagnapættir XII

ÁR-489:029 vegur samgöngubót

63°57.277N 21°00.098V

Upphlaðinn vegarspotti liggur frá Túnhól vestur í uppbornaðan læk, Bæjarlæk í mýrlendi. Vegarspottinn liggur frá norðvesturhorni kálgarðs 021 og til suðvesturs. Hann er alls 15 m langur, 2,5 m breiður og 0,2-0,3 m hár en endar skyndilega við dragið þar sem lækurinn rann áður. Hann hefur greinlega verið hlaðinn til að auðvelda aðgengi að vatnsbólínu 004.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-489:030 vegur samgöngubót

63°57.270N 21°00.054V

Á túnakorti frá því um 1920 sést að heimreið lá að Helligsbæ úr suðvestri. Hún sést enn og liggur um mýri.

Austurendi heimreiðarinnar er um 20 m suðvestan við Krummaklett 028 og 50 m sunnan við bæ 001. Við endann sjást tveir fúnir hliðstaurar sinn hvoru megin. Þaðan liggur hún til suðvesturs, út á mýrina. Vegurinn hefur verið hlaðinn, að líkindum að mestu úr torfi og mótar óljóst fyrir honum 130 m til suðvesturs þar sem hann endar snögglega við rætur Stekkjarholts. Vegurinn er 4-5 m breiður og 0,3 - 0,4 m hár nema suðvesturendinn sem er allt að 0,8 m hár. Dældir sjást meðfram báðum hliðum. Tæpa 100 m suðvestur af bæ 001 klofnar vegurinn og annar angi, mjórri, gengur samhliða honum í stefnu á norðurenda Krummakletts. Þessi vegspotti er 2-3 m breiður, skorinn sundur af fyrrum bæjarlæk (sjá 004) og endar eftir 50-60 m, við suðurhlið kálgarðs 021. Líklega er hann eldri en garðurinn, enda virðist vesturhlið hans hlaðin yfir veginn.




Vegurinn, horft til norðausturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-489:031 gerði kartöflugarður

63°57.340N 20°59.916V



Gerðið, horft til austurs

Leifar kálgarðs, frá því laust fyrir miðja 20. öld, eru enn greinilegar um 170 m norðaustan við bæ 001. Gerðið er fast ofan (norðaustan) við vegarslóða sem liggur frá veginum að Helligsrústum 001 og endar við gerðið sem er í aflíðandi halla til austurs. Það er á grasi vaxinni hæð en austar er mýrarslétt þar sem hafin er skógrækt. Vísir að skógrækt er einnig norðan og vestan við gerðið. 1-2 birkiplöntur hafa verið gróðursettar á og við gerðið.

Gerðið er nú 10 X 12 m stórt en er orðið fremur óljóst. Það er hlaðið úr torfi en hleðslur eru útflattar og alveg ógreinilegar á köflum og hugsanlegt að þeim hafi að

einhverju leyti verið rutt út við skógræktina umhverfis. Hleðslur eru mest 0,3-0,4 m á hæð en 1,5 m á breidd. Þær eru á kafi í grasi og sinu og innan gerðis er einnig mikil sína. Aldursins vegna nýtur gerðið ekki friðhelgi sem fornleif í samkvæmt skilningi laganna.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar

ÁR-489:032 þúst óþekkt

63°57.393N 21°00.029V

Um 175 m NNV við Litla-Helli 008 er ógreinileg þúst, hugsanlega eftir lítinn kofa eða jafnvel leifar brunns. Þústin er um 10 m norðvestan (ofan) við Halaklett. Mosavaxið deiglendi er umhverfis þústina, nokkur víðigróður er á þessum slóðum, neðar (suðaustan) eru deiglend tún.

Ofan við Halaklett er deiglendisblettur með starargróðri þar sem líklega var vatnspollur áður (um 10 X 5 m að stærð), um 10 m austar er þústin. Þústin er um 2,5 m á kant mörkuð torfi en rofin í botninn. Ekki er loku fyrir það skotið að þústin gæti verið náttúruleg enda flag botni hennar en kraginn umhverfis er reglulegur og helst minnir hún á leifar brunns.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Saga Selfoss I, 30



Þústin, horft til norðvesturs

ÁR-489:033 Gjóstá heimild um rétt

63°57.301N 21°00.001V

"Gjóstá. Bil á milli tveggja hamra rétt fyrir austan Barnahellissskútann [020]. Þar var fjárrétt." segir í örnefnaskrá. Gjóstá hefur verið um 20 m austan við Barnahellissskúta.

Þar er gott aðhald í geil milli kletta. Hún er gróin í botninn.

Ekki sjást leifar af hleðslum í Gjóstu og hugsanlegt að réttin hafi verið úr timbri. Tæplega hefur þurft að girða fyrir nema suðurhliðina til að auðvelt væri að halda skepnum þar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hellir, 1

5. Minjar í hættu vegna nýs deiliskipulags í Helli

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að innan skipulagsreits í Helli og í jaðri hans eru þekktir 25 minjastaðir. Í Hellislandi eru tvær friðlýstar fornleifar; annars vegar Stórihellir (007) sem er innan skipulagssvæðisins og hins vegar rústir Fjalls (ÁR-489b:001) sem eru ofan þjóðveggar og utan deiliskipulagsreits.⁶

Af stöðunum 25 sem skráðir voru á vettvangi reyndust flestir í hættu vegna framkvæmdanna. Þó var hvorki talið að framkvæmdirnar ógnuðu sögustað við Grímskletta (011) né heldur ferjustað (009) niður við Ölfusá sem er vel merktur. Fast utan reitsins voru beitarhús á Stekkjarholti (016) sem töldust einungis í hættu vegna ábúðar en eru utan deiliskipulagsreits.

Innan skipulagsreits eru því 22 fornleifar í stórhættu vegna framtíðarskipulags svæðisins. Af þeim eru 4 í hættu vegna skógræktar sem þegar er hafin, en hinir 18 í hættu vegna áætlaðra framkvæmda. Til stendur að gera reitinn að útivistarsvæði fyrir Selfyssinga og nærsveitunga og því er á næstu árum bæði áætluð töluverð skógrækt og aðrar framkvæmdir, s.s. göngustígagerð, leiksvæði hafa verið skipulögð sem og manngerðar tjarnir. Auk rasks beinlínis vegna skógræktar og uppbyggingar, fylgir framkvæmdunum óhjákvæmilega aukin umferð almennings sem og stórvirkra vinnuvéla. Af þessum sökum eru langflestar minjarnar innan skipulagsreits taldar í mikilli hættu.

Ástand minja í Helli er fremur gott og á það sérstaklega við um minjar í túni sem hafa margar hverjar varðveist ólíkt því sem algengt er með bæi í byggð. Reglan um dreifingu minjastaða er sú að flestir þeirra eru í og við heimatún en þeim fækkar hlutfallslega eftir því sem fjær dregur bæ. Innantúns eru líkur á að mannvistarleifar leynist undir sverði einnig mun meiri en annars staðar. Til að koma í veg fyrir að minjum verði spillt eða leggja þurfi út í mikinn kostnað við að bjarga fornleifum sem ógnað er væri skynsamlegt að afmarka hið gamla túnstæði og forðast algjörlega skógrækt eða aðrar framkvæmdir á því svæði.

Í og við heimatún Hellis eru samtals 17 fornleifar:

- 001 bæjartóftir
- 002 útihústóft
- 003 brunnur
- 004 vatnsból

⁶ Reyndar geta heimildir um eina tóft neðan vegar en hún hefur horfið í vegaf framkvæmdir síðustu áratuga og er einnig utan skipulagsreits og ekki skráð að þessu sinni.

- 006 fjárhústóft
- 007 hellir (friðlýstur)
- 008 hellir
- 020 hellir
- 021 kálgarður
- 022 hesthústóft
- 027 kálgarður
- 028 huldufólksbústaður
- 029 vegur
- 030 heimreið
- 031 kálgarður
- 032 þúst
- 033 heimild um rétt

Einhver ummerki sjást um alla minjastaðina nema þann síðastnefnda. Því er ljóst að í heimatúns í Helli er að finna óvenju vel varðveitt minjasvæði sem vel mætti spila inn í framtíð skipulagssvæðisins og nota til að auka gildi þess. Þetta mætti gera með því að:

- a) Afmarka túnstæðið og forðast skógrækt og allar framkvæmdir innan túns.
- b) Leggja stíga og leitast við að stjórna umferð um svæðið þannig að fornleifar bíði ekki skaða af mikilli umferð.
- c) Setja upp skilti sem miðla upplýsingum um einstakar tóftir, örnefni og menningarlandslag fyrri tíma.

Auk fornleifa innan túns eru innan skipulagsreits 5 fornleifar sem teljast í bráðri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þetta eru:

- 005 vegur frá túni að Miðaftansholti.
- 016 rétt við Stekkjarholt.
- 017 Hellisbrú sem nær allt frá fjalli að Ölfusá.
- 023 áveitugarður frá Tjörnum að Móhólum.
- 024 mógrafir við Hellisgil.

Áveitugarðurinn (023) er þegar mjög illa farinn af skógrækt en fremur auðvelt ætti að vera að koma í veg fyrir að hinar fornleifarnar fjórar verði skemmdar. Réttin (016) er í suðvesturjaðri svæðisins en mógrafirnar (024) í norðausturjaðri. Með því að gæta þess að skógræktin nái ekki alveg út í jaðar reitsins má með auðveldum hætti

koma í veg fyrir rask á þessum fornleifum. Hinar fornleifarnar tvær (005 og 017) eru báðar upphlaðnir vegir sem bera vott um árangursríkar tilraunir til að bæta samgöngur um svæðið sem víða var deiglent og erfitt yfirferðar. Þessar minjar eru í mjög góðu ástandi og Hellisbrú 017 tengist beint hinum þekkta ferjustað yfir Ölfusá suðaustar. Því ætti að forðast alla skógrækt/framkvæmdir við vegina.

Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja hinsvegar vegghleðslur og afmynda rústir þannig að það verður erfitt bæði að átta sig á þeim á yfirborðinu og kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brot af heildarflatarmáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst aðeins að fornleifastaðirnir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Það er Fornleifaverndar ríkisins að ákveða hvort leyfilegt sé að hefja/halda áfram með framkvæmdir innan skipulagsreitsins og þá með hvaða skilyrðum. Í skýrslulok er rétt að minna á að við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og þá þarf að stöðva framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður Fornleifaverndar ríkisins er fenginn sbr. 20. gr. þjóðminjalaga.

Heimildaskrá

- AÍ:** *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Reykjavík 1912-1990
Ágúst Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.*
(Fornleifadeild – Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík).
- Brynjúlfur Jónsson 1897: Fjall í Olfusi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*, 18-20.
- Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kaupmannahöfn 1858-1878.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. Fornleifaskráning í landi Tungufells í Lundarreykjadal. Fjölrit: FS198-03041. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. Fornleifaskráning í Ölfushreppi II: Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi. Fjölrit: FS084:99012. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- ÍF:** *Íslensk fornrit XII*, Reykjavík 1923-1932. (Ísafold: Reykjavík). 1874-1929. Íslenskir sagnaþættir: Guðni Jónsson: *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur I-XII*, Reykjavík 1940-57.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11*, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.
- JJ:** J.Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* (Kaupmannahöfn).
- Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson & Júlíus Jónsson. 1983. *Sunnlenskar byggðir III.* (Búnaðarsamband Suðurlands).
- Saga Selfoss I: Frá landnámi til 1930. 1991. (Selfoskaupstaður – Selfoss).
- Túnakort.** Túnakort Ölfushrepps (Þjóðskjalasafn Íslands).
- ÞS:** Þórður Sigurðsson. 1931. Örnefnatal í Hellislandi 1931. *Skyggfir I.* bls.122-127.
- Ö-Hellir:** Örnefni í Helli og Fossnesi. Þórður Ögm. Jóhannsson skráði.